

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ** 135/1346  
**komudagur** 7.2.2008

Snæfellsbæ, 31. janúar 2008

Alþingi  
b.t. menntamálanefndar  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

Efni:

Umsögn Skólanefndar Snæfellsbæjar um frumvarp til laga um grunnskóla.

**1. Skólanefnd Snæfellsbæjar hefur skoðað frumvarpið og vill gera athugasemdir við nokkra þætti.**

Sérstaklega gerir skólanefnd athugasemdir við þá þætti frumvarpsins sem bera með sér aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin.

Skólanefnd telur að löggin verði að vera rammalöggjöf sem verði að hafa í sér sveigjanleika fyrir sveitarfélögin enda eru aðstæður lítilla sveitarfélaga algerlega ósambærilegar við stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Ýmsir þættir geta vissulega verið til bóta fyrir stærri og flóknari sveitarfélög, en á sama tíma flækt stjórnsýslu og verið íþyngjandi fyrir minni einingar víða um land.

Skólanefnd Snæfellsbæjar vill ítreka mikilvægi þess að löggin verði rammalöggjöf og að sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga til að ákveða skipulag skólahalds í hverju sveitarfélagi sé virtur. Skólanefndin fer fram á að íþyngjandi breytingar gangi ekki lengra en þörf krefur.

**2. Athugasemdir skólanefndar við einstakar greinar eða kafla:**

**3. grein. Skólaskylda**

Skólanefnd vill vekja athygli á því að í þeim tilfellum sem gætu komið upp að nemandi þyrfti að vera færður niður um bekk, þá yrði hann að hætta í grunnskóla eftir 9. bekk.

**7. grein. Skólastjóri**

Svo virðist sem þessi breyting verði til minna aðhalds sveitarfélagsins á skólastjóra. Hér er m.a. ekki lengur krafist umsagnar skólanefndar varðandi ráðningu skólastjórna.

**8. grein. Skólaráð**

Hér telur skólanefnd að verið sé að miða eingöngu við stærri og flóknari sveitarfélög og kallar eftir ákvæði sem býður upp á meiri sveigjanleika í framkvæmd.

Þættir sem eru til einföldunar og aukinnar skilvirkni í stærri sveitarfélögum geta leitt til hins gagnstæða í hinum minni.

Í greininni er nýtt ákvæði um skólaráð grunnskóla sem kemur í stað kennararáðs og foreldraráðs. Skólanefnd bendir á að Snæfellsbær muni verða fyrir umtalsverðum kostnaðarauka af þessari breytingu. Annað hvort verði að greiða foreldrum og fulltrúa nærsamfélagsins þóknun ef fundir skólaráðs eru haldnir á daglegum vinnutíma í grunnskóla eða greiða yfirvinnu til fulltrúa kennara og annars starfsfólks í skólaráði.

Búast má við að þessari breytingu fylgi aukin fundarseta, aukið skrifræði og aukin útgjöld.

Skólanefnd Snæfellsbæjar leggur til að í upphafi 8. greinar komi málsgrein sem býður upp á sveigjanleika fyrir sveitarfélögin, þar sem kveðið sé á um að sveitarfélagi sé heimilt að stofna skólaráð við grunnskóla sína sem tekur þá við þeim hlutverkum sem kveðið er á um í lögnum.

### **9. grein. Foreldrafélag**

Hér er stofnun foreldrafélags sett á ábyrgð skólastjóra en hingað til hefur stofnun foreldrafélaga verið valkvæð og á ábyrgð foreldra. Skólanefnd telur ekki rétt að færa ábyrgðina frá foreldrunum enda er fólgin viss mótsögn í því að samtök sem eiga að styðja við skólastarfið skuli vera á könnu og ábyrgð skólans.

### **11. grein. Starfslið**

Skólanefnd telur ástæðu til að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi:

Skólanefnd lýsir yfir áhyggjum sínum yfir auknum menntunarkröfum leik- og grunnskólakennara sem tengjast þessu frumvarpi. Skólanefnd telur að þrátt fyrir háleit markmið um menntun í samræmi við störf og ábyrgð komi sú löggjöf ekki til með að ná markmiðum sínum og sennilega verða til skaða þegar allt komi til alls. Þegar farið er að krefjast meistaraprófs til að mega nota starfsheitið grunnskólakennari er búið að lengja námið verulega, með óhjákvæmilegum kostnaði. Þetta telur skólanefnd að muni fækka þeim sem leggja námið fyrir sig og minnka stórlega framboð viðurkenndra grunnskólakennara. Afleiðingar þess verða að skólana verður að reka með hærra hlutfalli ófaglærðra leiðbeinenda og þá hefur umrædd löggjöf þveröfug áhrif en til var ætlast. Auk þessara afleiðinga mun það verða til óþæginda að þetta mun hækka hlutfall lausráðinna starfsmanna, með tilheyrandi óvissu fyrir bæði starfsfólk, foreldra og stjórnendur skólanna.

### **17. grein. Nemendur með sérþarfir.**

Í þessari grein felst aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin. Ýmis sérfræðipjónusta getur verið töluvert dýrari fyrir sveitarfélög í dreifbýli heldur en á Reykjavíkursvæðinu sökum samgöngumöguleika.

Ákvæði um sjúkrakennslu á ábyrgð sveitarfélags getur orðið dýrt í framkvæmd.

### **18. grein. Foreldrar**

Hér vill skólanefnd gera athugasemd við ákvæði um túlkajónustu sem eflaust hefur aukinn kostnað í för með sér.

### **19. grein. Ábyrgð foreldra.**

Hér er sú breyting frá texta gömlu laganna að foreldrar bera nú ábyrgð á innritun í skóla en ekki lengur forráðamaður. Skólanefnd telur eldra ákvæðið betra enda er forræði ekki alltaf í höndum foreldra.

### **20. grein. Skólahúsnæði og aðstaða**

Hér vill skólanefnd ítreka andstöðu sína við að sveitarfélögum verði gert skylt að hafa starfandi skólaráð (sem samkvæmt þessari grein á að taka þátt í undirbúningi gerðar skólamannvirkja).

### **23. grein. Skólamálsverðir**

Skólanefnd tekur undir athugasemd Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem segir:

*Aðstæður skóla til að bjóða upp á skólamáltíðir eru misjafnar.*

*Sumir skólar búa yfir fullkomnu skólaeldhúsi en aðrir fá matinn aðsendan, hvort sem það er frá öðrum skóla eða þjónustuaðila á markaði. Sambandið telur ástæðu til að gera athugasemd við skýringar með greininni þar sem sagt er almennt viðmið að nemendur greiði hráefniskostnað vegna skólamáltíða.*

*Sú er alls ekki reyndin í öllum sveitarfélögum heldur þekkist einnig að miða við raunkostnað.*

Skólanefnd telur að hér sé um kostnaðarauka að ræða

### **24. – 26. grein. Aðalnámskrá**

Skólanefnd telur þessa grein vera full ítarlega og er mikilvægt að við setningu aðalnámskrár verði gætt hófs þannig að námskráin standi ekki í vegi fyrir meginmarkmiðum frumvarpsins og þeim megintilgangi grunnskólans að börn stundi nám við hæfi og fræðist á þann hátt að það komi þeim að gagni bæði almennt í lífinu og við frekara nám.

Skólanefnd vill sérstaklega taka fram að stóraukin áhersla á val nemenda verður sveitarfélögunum mjög dýr í framkvæmd.

### 27. grein. Námsmat.

Skólanefnd gerir athugasemd við þriðju málsgrein 27. greinar þar sem fjallað er um rétt nemenda og foreldra til að skoða prófúrlausnir. Skólanefnd telur mjög nauðsynlegt að á þessum rétti séu skýr tímamörk.

### 29. grein. Skólanámskrá og starfsáætlun

Samkvæmt þessari grein þarf ekki að leggja skólanámskrá lengur fyrir skólanefnd til staðfestingar. Skólanefnd telur það ekki breytingu til batnaðar.

### 31. grein. Kostnaður í skyldunámi

Búast má við að af annari málsgrein þessarar greinar hljótist aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin.

Skólanefnd tekur ennfremur undir athugasemd Sambands íslenskra sveitarfélaga um þessa grein þar sem segir:

*Rétt er að taka fram að ákvæði 4. mgr. 31. gr. um ferðalög nemenda kom inn í grunnskólalög árið 2006 þrátt fyrir andmæli sambandsins. Skólum var þar með bannað að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi. Í frumvarpinu er heimilað að taka gjald fyrir upphald í slíkum ferðum en aksturskostnaður verður áfram á kostnað skólans. Þótt sambandið leggist ekki gegn því að vettvangsferðir sem eru hluti af skyldunámi séu að meginstefnu til gjaldfrjálsar þá er það afstaða margra sveitarfélaga að ákvæðið eins og það er fram sett standi fjölbreytni í starfsemi skólanna fyrir þrífum. Ekki nægir að heimilt sé að taka gjald vegna upphalds nemenda því ferðakostnaður nemenda getur verið mjög hár, t.d. þegar farið er landshluta á milli og blasir við að ef ekki verður hægt að innheimta slíkan kostnað mun það hafa áhrif á hvert farið verður í nemendaferðir og fjölda ferða. Meðal annars er hætt á að þessi takmörkun dragi úr ásókn í dvöl í skólabúðum fyrir grunnskólanemendur en einnig er algengt að fara með nemendur í eldri bekkjum grunnskóla í lengri ferðalög, sem standa jafnvel í heila viku. Má nefna að færst hefur í vöxt að skólar heimsæki skóla í vinabæjum á Norðurlöndum. Ákvæðið eins og það er úr garði gert vinnur gegn þeirri þróun. Þá verður að gera ráð fyrir því að frumkvæði geti komið frá foreldrum um að farið sé með nemendur í tiltekna vettvangsferð. Ákvæðið hindrar að skólinn geti mætt framkominni ósk foreldra þegar búið er að ráðstafa vettvangsþjárumunum nema viðkomandi ferð teljist ekki hluti af skyldunámi. Þannig liggur fyrir að ákvæðið mun ekki aðeins hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin heldur virka hamlandi á úrval og fjölda vettvangsferða. Í samræmi við framansagt er lagt til að ákvæðið verði svohljóðandi:*

*„Ferðalög sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda skulu almennt vera gjaldfrjáls. Þó er heimilt, í samráði við foreldra, að taka gjald fyrir einstakar ferðir, s.s. vegna upphalds nemenda og ferðakostnað í lengri ferðum.“*

### **35. – 38. grein. Um mat og eftirlit**

Skólanefnd tekur heils hugar undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga en í athugasemd þáðan segir:

*Bent skal á að aukið mat á skólastarfi mun ekki eitt og sér ná þeim markmiðum sem fram koma í 35. gr. um að auka gæði skólastarfs eða tryggja réttindi nemenda. Niðurstöður mats geta hins vegar verið mikilvægt tæki sem hafa má hliðsjón af við stefnumótun og getur lagt grunninn að ákvörðunum um þróun skólastarfs. Samkvæmt gildandi grunnskólalögum er mat á skólastarfi á ábyrgð og kostnað menntamálaráðuneytis en í frumvarpinu er gert ráð fyrir stóráuknum skyldum sveitarfélaga við framkvæmd mats.*

*Sambandið óttast að það eigi eftir að reynast mjög íþyngjandi verkefni fyrir sveitarfélögin að framkvæma innra og ytra mat. Ef ætlunin er að leggja þessar skyldur á sveitarfélögin er brýn nauðsyn á því að menntamálaráðuneytið gefi út leiðbeiningar eða handbók um matsaðferðir til að auðvelda framkvæmd mats og tryggja að niðurstöður verði samanburðarhæfar. Vinna við innra mat er bæði flókin og tímafrek og líkleg til að útheimta mikinn tíma hjá stjórnendum grunnskóla og sérfræðingum sveitarfélaga í grunnskólamálum, tíma sem e.t.v. yrði betur varið í önnur verkefni. Líklegt er að minni sveitarfélög neyðist til þess að fá utanaðkomandi sérfræðinga til að framkvæma slíkt mat og munu þau verða fyrir miklum kostnaði af þeim sökum.*

Skólanefnd Snæfellsbæjar tekur heilshugar undir þetta og gerir þar með þessa athugasemd að sinni. Sýnt er að þessi grein kallar á mikinn kostnaðarauka og flóknari stjórnsýslu. Skólanefnd þykir sýnt að enn og aftur er verið að miða við aðstæður á höfuðborgarsvæðinu sem eru allar aðrar en í dreifbýli.

### **40. grein. Skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu**

Skólanefnd þykir nokkuð ljóst að greinin kallar á aukinn kostnað sveitarfélaganna. Að öðru leiti tekur skólanefnd undir athugasemd Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem segir:

*Í 3.–6. mgr. 40. gr. felast tillögur um miklar breytingar á hlutverki sérfræðipjónustu sveitarfélaga og stóráukin ábyrgð stjórnenda og starfsmanna grunnskóla á því að nemendum með sérþarfir verði veitt öll þjónusta sem þeir þurfa á að halda. Er hér um afar umdeilanlegar áherslur að ræða, eins og m.a. kemur fram í umsögn Reykjavíkurborgar og Grunns, félags starfsfólks skólaskrifstofa, og fleiri aðila um frumvarpið. Grundvallarbreyting felst í 3. mgr. þar sem ekki er aðeins gert ráð fyrir því að starfsmenn sérfræðipjónustu verði ráðgjafar um úrræði fyrir nemendur heldur geti þeir nánast sagt skólastjóra fyrir verkum auk þess sem gert er ráð fyrir virku eftirliti af hálfu sérfræðipjónustu í stað hlutlausrar ráðgjafar.*

### **3. Annað**

Að öðru leiti vill skólanefnd benda á að víða í frumvarpinu er verið að stórauka ábyrgðarsvið skólastjóra. Því má búast við að auknar launakröfur skólastjóra muni leiða til kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin.

**F.h. Skólanefndar Snæfellsbæjar**  
**Örvar Marteinson**